

✉ Re: 2312020 - Beiðni um umsögn v umsóknar um leyfi til flugeldasýningar á Jökulsárlóni

Búið til	1.3.2024 11:48:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	1.3.2024 11:48:04
Tilheyrir	📁 202402-0056 - Beiðni um umsögn v umsóknar um leyfi til flugeldasýningar á Jökulsárlóni

Efni

Re: 2312020 - Beiðni um umsögn v umsóknar um leyfi til flugeldasýningar á Jökulsárlóni

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	1.3.2024 11:48:04	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	linda.b.hallgrimsdottir@vjp.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Komdu sæl,

Tilvísun í mál nr. 202402-0056.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki áður verið beðin um umsögn um flugeldasýninguna sem greinilega er orðinn mjög rötgróinn atburður. Við höfum engin gögn um hvort eða hvernig sýningin hefur haft áhrif á lífríki. Fuglar og selir og annað dýralíf sem gæti verið í nágrenninu á þessum árstíma verður án efa fyrir einhverri truflun af sýningunni, sér í lagi vegna hávaðans. Eftir öll þessi ár er ekki ólíklegt að dýralífið hafi aðlagast þessari truflun en nýir einstaklingar t.d. ungar helsingja og annarra fugla sem verpa á svæðinu og eru óvön gætu orðið fyrir skakkaföllum vegna truflunarinnar ef þá grípur mikil hræðsla. Skúmur sem er á valista og verpir í nágrenninu er líklega að mestu búinn í varpi á þessum tíma og farinn af svæðinu, þó ekki endilega allir einstaklingar. Náttúrufræðistofnun leggur til að leitað sé álots og upplýsinga hjá Náttúrustofu Suðausturlands um áhrif sýningarinnar á dýralíf en stofnunin býr yfir staðbundinni þekkingu um dýralíf svæðisins.

Flugeldasýningum fylgir einnig staðbundin loftmengun sem og að flugeldarusl dreifist yfir allstórt svæði. Mikilvægt er að svæðið sé hreinsað eftir á eins og hægt er og allt fjarlæggt burt frá skotsvæðum. Óheppilegt er ef leifar af flugeldum lenda ofan í Jökulsárlóni þar sem ómögulegt getur reynst að hreinsa það og frá slíku rusli stafað hætta fyrir lífríki. Æskilegt væri að leggja mat á hversu mikið magn af flugeldarusli berst út í umhverfið eftir hverja sýningu og hversu stórt hlutfall af því hægt er að hreinsa eftir á. Það er sérstaklega mikilvægt ef líklegt er að sýningin muni stækka vegna aukinna vinsælda og fela í sér fleiri flugelda.

Varðandi mengunarhættu frá flugeldasýningunni almennt ætti að ráðfærast við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðausturlands.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin til áframhaldandi samtals um málið ef þess er óskað.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



From: "Linda Björk Hallgrímsdóttir - vatn" <linda.b.hallgrimsdottir@vjp.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: 2312020 - Beiðni um umsögn v umsóknar um leyfi til flugeldasýningar á Jökulsárlóni
Date: 16.2.2024 13:28:35

Góðan daginn

Vatnajökulsþjóðgarði hefur borist umsókn Björgunarfélagi Hornafjarðar, dags. 13. desember 2023, um leyfi til flugeldasýningar innan Vatnajökulsþjóðgarðs, við Jökulsárlón.

Vatnajökulsþjóðgarður óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknarinnar og hvaða umhverfisáhrif sýningin mun hafa ásamt áhrifum á lífiríki og dýralíf. Flugeldasýningin hefur yfirleitt staðið yfir í um 30 mínútur, þar sem komið flugeldum ásamt kertum er komið fyrir á ísjökum og þaðan er sprengt. Gögn málsins er að finna hér að neðan.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 1. mars 2024.

Umsókn frá Björgunarfélagi Hornafjarðar:

Áætlaður fjöldi gesta eða þátttakenda:

1500

Áætlaður fjöldi starfsmanna og/eða sjálfboðaliða:

20

Staðsetningar:

Jökulsárlón

Dagsetning, tímasetning og tímalengd viðburðar:


17. ágúst 2024. Frá 22.00 - 24.00

Annað sem umsækjandi vill taka fram:

Flugeldasýningin að Jökulsárlóni byrjaði sem eins konar árshátíð fyrir starfsfólk Jökulsárlóns Ferðajónustu árið 2000. Smátt og smátt hefur sýningin undið uppá sig og Björgunarfélagi Hornafjarðar var boðið að taka við sýningunni sem fjáröflun. Tveimur áratugum síðar er þetta orðið að einni aðal tekjulind Björgunarfélagsins og einn af föstum viðburðum sumarsins þar sem mæta á milli 1500 og 2000 manns. Í dag er sýningin orðin heimsþekkt og fjölmargir einstaklingar sem leggja leið sína til landsins eingöngu til að verða vitni að þessari sýningu. Björgunarfélag Hornafjarðar sinnir gríðar mikilvægu hlutverki við leit og

björgun á fólki á láði sem og landi og sinnir meðal annars fjölmörgum útköllum á hverju ári innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs og því mikilvægt að samstarf milli Vatnajökulsþjóðgarðs og Björgunarfélags Hornafjarðar sé gott.

Kveðja,
Linda Björk

imap://edda%40porthonnun%2Eis@imap.porthonnun.is:143/fetch%3EUID%3E.INBOX%3E33534?header=quotebody&part=1.2&filename=image001.png

Linda Björk Hallgrímsdóttir

Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar / Assistant Park Manager

Vatnajökulsþjóðgarður / Vatnajökull National Park
Skaftafellsstofa, Skaftafelli, 785 Örfum, Iceland
Sími / Tel: +(354) 470-8300; M: +(354) 842-4370

www.vjp.is (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.vjp.is%2F&data=05%7C02%7Cmottaka%40ni.is%7Cf140ff7187eb4b0fdca408dc2ef32c6d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638436869153138477%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=ITLVRYJ7IVpl4SEpRGO4Dn94rGtipxrzTZKQh8q9GE8%3D&reserved=0>) Um ábyrgð á tölvupósti / E-mail disclaimer: <http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari> (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.stjornarrad.is%2FFyrirvari&data=05%7C02%7Cmottaka%40ni.is%7Cf140ff7187eb4b0fdca408dc2ef32c6d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638436869153148544%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=iZjQkK3u1OToOjglkesq3li%2FuDD0ugbdAYC1ii2bXtQ%3D&reserved=0>)

Vinsamlega hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður. Please consider the environment before printing

